

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 85 18. febrúar 1983 um Tollskóla  
ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o. fl.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Í lok annar grunnnáms samkvæmt 3. og 5. gr. skulu nemendur prófaðir í námsgreinum og þeim gefnar einkunnir í heilum eða hálfum tölum frá 1–10. Til þess að standast próf þarf nemandi að fá einkunnina 5 hið minnsta í hverri grein nema 6 í íslensku og 6 í aðaleinkunn. Fyrir verklega þjálfun, þ. m. t. starfsnám, má gefa tvær einkunnir, fullnægjandi eða ófullnægjandi.

2. gr.

1. tl. 13. gr. orðist svo:

1. Umsækjandi skal hafa lokið námi í fjölbrautarskóla, menntaskóla eða sérskóla er veiti sambærilega menntun. Sérstök áhersla skal lögð á góða kunnáttu í íslensku og vélritun. Skal umsækjanda skylt að gangast undir hæfnispróf í íslensku og vélritun ef ástæða þykir til. Umsækjandi skal hafa vald á einhverju Norðurlandamálanna og ensku eða þýsku.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 12. febrúar 1986.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

## GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðureyrarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Suðureyrarhreppi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 225 26. maí 1977.

2. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

## 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnsheimils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu heimils eftir óskum húseiganda fyrsta mánuð, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember á hvert. Hámarksstilling heimils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

## II. KAFLI

## 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	kr.	99,90
b. Vatnsgjald á mánuði	kr.	797,35

fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu heimils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

## 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 30 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

## 6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

Eldri hús:	Kr.	
Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka		23 017,00
Rúmmetragjald 0—300 m <sup>3</sup> án gjalds		
gjald umfram 300 m <sup>3</sup> —1000 m <sup>3</sup>		39,60 pr/m <sup>3</sup>
gjald umfram 1000 m <sup>3</sup>		26,40 pr/m <sup>3</sup>

Ný hús (nýbyggingar):

Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka		52 440,00
Rúmmetragjald 0—300 m <sup>3</sup> án gjalds		
gjald umfram 300 m <sup>3</sup> —1000 m <sup>3</sup>		39,60 pr/m <sup>3</sup>
gjald umfram 1000 m <sup>3</sup>		26,40 pr/m <sup>3</sup>

## 7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hreppsnefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingarnar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 10. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 500,00 í hvert skipti.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 278, 8. júlí 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

**fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.**

### **I. KAFLI**

## 1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

### **II. KAFLI**

## 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 56,00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

## 4. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar. Skal notkunargjaldið þá vera kr. 1,23 kWh miðað við hitafall 40° C.

Sé hitafallið minna en 40° C er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til samræmis við aukningu í stofn- og rekstrarkostnaði.